

Samrunaáætlun
skv. 120. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög

Yfirtökusparisjóður: Byr sparisjóður, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, 105 Reykjavík.

Yfirtekinn sparisjóður: Sparisjóður Kópavogs, kt. 610269-2739, Hlíðasmára 19, 201 Kópavogi.

Stjórnir sparisjóðanna tveggja hafa komið sér saman um eftirfarandi áætlun um samruna sjóðanna, með þeim afleiðingum að Sparisjóði Kópavogs verði slitið án skuldaskila og sjóðurinn sameinaður Byr sparisjóði. Samrunaáætlunin var undirrituð af stjórnnum sjóðanna þann 27. júní 2007.

Endanleg ákvörðun um samruna verður tekin af stofnfjäreigendum yfirtekna sparisjóðsins og yfirtökusparisjóðsins, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 124. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Fyrir þann tíma skal liggja fyrir áreiðanleikakönnun á báðum sparisjóðunum.

Sameiningin skal miðast við 1. janúar 2007.

1. gr.


Þar sem yfirtökusparisjóðurinn er Byr sparisjóður heitir hinn sameinaði sparisjóður því nafni. Hann verður sparisjóður og mun starfa skv. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Gilda samþykktir Byrs sparisjóðs óbreyttar um hinn sameinaða sjóð fyrir utan breytingu á stofnfé.

2. gr.

Heimilisfang sparisjóðsins verður að Borgartúni 18, 105 Reykjavík.

3. gr.

Við sameiningu fá stofnfjäreigendur Sparisjóðs Kópavogs eingöngu stofnfé í Byr sparisjóði í skiptum fyrir stofnfé sitt. Stofnfjäreigendur í Sparisjóði Kópavogs fá kr. 446.728 þús. í Byr sparisjóði fyrir kr. 417.698 þús. hlut sinn í Sparisjóði Kópavogs. Bókfært verð stofnfjár Byrs sparisjóðs er kr. 231.377 þús. í árslok 2006. Öll stofnfjárbréf í Sparisjóði Kópavogs skulu vera jafn rétt há í samrunanum. Áður en að sameiningu kemur verður stofnféð aukið um kr. 2.758.264 þús. og síðan um kr. 446.728 þús. til þess að afhenda núverandi stofnfjäreigendum í Sparisjóði Kópavogs. Að sameiningu lokinni verður stofnfé í Byr sparisjóði kr. 3.436.369 þús. miðað við



verðlag í janúar 2007. Hluttur stofnfjáreigenda í Sparisjóði Kópavogs verður 13% í hinum sameinaða sparisjóði.

Stofnfjárbréf sem afhent verða stofnfjáreigendum í Sparisjóði Kópavogs veita réttindi til arðs frá ársbyrjun 2007, eða frá sama tíma og samruninn tekur gildi.

4. gr.

Réttindum og skyldum Sparisjóðs Kópavogs, skal teljast lokið 1. janúar 2007 enda tekur Byr sparisjóður við öllum réttindum og skyldum yfirtekna sjóðsins frá og með þeim degi.

5. gr.

Hvorki stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, matsmenn, eftirlitsmenn sjóðanna né aðrir skulu njóta sérstakra réttinda eða hlunninda umfram aðra við þennan samruna.

6. gr.

Til staðfestu samningi þessum undirrita hann stjórnir Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Kópavogs.

7. gr.

Samruni sparisjóðanna er háður samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. ákvæði 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og er hann einnig háður samþykki Samkeppniseftirlitsins. Fyrir hönd stjórnna sparisjóðanna skal KPMG hf. leita eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir samrunanum.

Reykjavík, 27. júní 2007

F.h. stjórnar
Byrs sparisjóðs

Jón Þorsteinsson
Þorsteinn Þorsteinsson
Andri Þorsteinsson

F.h. stjórnar
Sparisjóðs Kópavogs

Björgvinna Ólafsdóttir
Steinn Magnússon
Willur Þorsteinsson
Guðrún Þorsteinsson